

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 3. mars 2017
Mnr. 2017020028



ÍSAFJARÐARBÆR

Uppbyggingasamningur við SFÍ vegna uppbyggingar í Tungudal

Á fundi bæjarráðs 27. febrúar 2017 var tekinn fyrir viðauki vegna styrkbeiðni Skíðafélags Ísafjarðar (SFÍ) í tengslum við Unglingameistaramót Íslands og bókaði bæjarráð eftirfarandi:

„Bæjarráð fellur frá styrkveitingunni en felur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs í samstarfi við Skíðafélag Ísafirðinga að fella það sem farið er fram á í styrkbeiðninni inn í fyrirbyggjandi uppbyggingasamning Skíðafélags Ísafirðinga vegna Tungudals.“

Á sama fundi voru kynnt drög að uppbyggingasamningi við Skíðafélag Ísfirðinga vegna uppbyggingar í Tungudal, þar sem lagt er til að framlag Ísafjarðarbæjar verði 3 milljónir á árunum 2017, 2018 og 2019, samtals 9 milljónir. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

„Bæjarráð fellur frá styrkveitingunni en felur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs í samstarfi við Skíðafélag Ísafirðinga að fella það sem farið er fram á í styrkbeiðninni inn í fyrirbyggjandi uppbyggingasamning Skíðafélags Ísafirðinga vegna Tungudals. Bæjarráð leggur til að uppbyggingasamningur við Skíðafélag Ísafirðinga vegna Tungudals verði samþykktur með þeirri breytingu sem að framan greinir.“

Sviðsstjóri hefur átt samtalið við forsvarsmenn HSV og SFÍ og kom fram í máli forsvarsmanna SFÍ að mótið verður að öllu líkindum ekki hér í mars vegna snjóleysis. Búið er hinsvegar að undirbúa mótið og panta þann búnað sem styrkbeiðnin snéri að. Skíðamót Íslands verður á Ísafirði 2018 og væntir félagið þess einnig að Unglingameistaramót Íslands verði hér árið 2019 verði það flutt frá Ísafirði núna 2017. Félagið óskaði því eftir því að styrkuppþæðin kæmi árið 2017 en hún myndi nýtast vel við mótahald á næstu árum bæði meistaramótum og alþjóðlegum (FIS) mótum.

Drög að uppbyggingasamningi í Tungudal eru hér kynnt þar sem ein milljón bætist við árið 2017 frá því sem var en árin 2018 og 2019 standa eins og í fyrri drögum.

MH